

Þriðjudaginn 4. nóvember 1952.

Nr. 8/1951.

Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason

(Magnús Thorlacius)

gegn

Kristjáni Gíslasyni og Elíasi Steinssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1951, gera þær dómkröfur, aðallega að stefndu verði in solidum dæmt að greiða þeim kr. 78.231.98 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags, en *til vara* að stefndu verði in solidum dæmt að greiða þeim kr. 29.231.98 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 78.231.98 frá 19. nóvember 1949 til 14. júní 1952, en af kr. 29.231.98 frá þeim degi til greiðsludags svo og að skila aftur veðskuldabréfi því, er í málinu greinir og nú er að eftirstöðvum kr. 49.000.00. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í hér- aði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda in solidum eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason, greiði in solidum stefndu, Kristjáni Gíslasyni og Elíasi Steinssyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hafa Jón veitingamaður Guðmundsson, Þingvöllum, Bergur Eydal Vilhjálmsson verkamaður, Kleppsvegi 102, og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason verkamaður, Vífilsgötu 15, báðir hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. desember 1949, gegn Kristjáni veitingamanni Gíslasyni, Hafnargötu 31 í Keflavík, og Elíasi Steinssyni verzlunarmanni, Kárástíg 14 hér í bænum. Hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum gert að greiða þeim kr. 78.231.98 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins gerðu stefndu *varakröfu* á þá lund, að ef fallizt yrði á, að stefnendum væri heimil riftun síðargreinds kaupsamnings, þá yrði stefndu heimilt að skila aftur skuldabréfi því, er þeir tóku við sem hluta af efndum samningsins, og að þeim verði þá einungis gert að greiða í peningum mismuninn á eftirstöðvum skuldabréfs þessa, sem nú eru kr. 63.000.00, og kaupverðsins samkvæmt nefndum samningi.

Til réttargæzlu hafa stefnendur stefnt Einari veitingamanni Eiríkssyni, Marargötu 2 hér í bæ, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum, og hann hefur engar kröfur haft uppi í málinu.

Tildrög málsins eru þessi: Haustið 1949 var veitingastofan „Hvoll“ við Hafnarstræti hér í bænum í eigu stefndu og réttargæzlustefnda. Hafði réttargæzlustefndi persónulega á leigu hjá húseigendum húsnæði veitingastofunnar og á veitingaleyfi hans var hún rekin, en annars virðist reksturinn að mestu eða öllu leyti hafa verið í höndum stefndu Kristjáns og Elíasar. Eignarhluti réttargæzlustefnda í fyrirtækinu taldist kr. 5000.00, en eignarhlutar stefndu Kristjáns og Elíasar virðast hafa verið taldir samanlagt 65 þúsund krónur. Vildu stefndu selja sinn hluta í fyrirtækinu, og komust stefnendur á snoðir um það. Kynntu þeir sér áhöld og umbúnað veitingastofunnar og gerðu hinn 11. október 1949 tilboð um kaup á henni fyrir kr. 80.000.00, er greiðast skyldu með mánaðarlegum afborgunum. Í tilboðinu eru m. a. settir fram þeir skilmálar, að húsaleiga yrði óbreytt, og að engar hömlur yrðu á að reka í húsnæðinu veitingar, eins og verið hafði. Einnig er þar gert ráð fyrir, að samin sé skrá um allt, sem stofunni fylgi og fylgja beri og þar sé notað til veitinga, að meðtöldum húsgögnum. Tveimur dögum eftir að tilboð þetta var gert eða 13. október, komu málsaðiljar saman í skrifstofu nafngreinds lögfræðings hér í bænum, og var þar samið og undirritað afsal fyrir veitingastofunni til handa stefnendum. Í afsalinu segir m. a. svo: „Við undirritaðir, Kristján Gíslason og Elías Steinsson, seljum hér með og afsöllum til þeirra Bergs Vilhjálmssonar og Kristmundar Bjarnasonar okkar eignarhluta í Veitingastofunni Hvoli, Hafnarstræti, með húsgögnum öllum og áhöldum, að undanskildum 11 stólum og 4 borðum, er Hótel Selfoss á. . . . Hafa kaupendur skoðað og kynnt sér hið selda. . . . Kaupendur vita um, að Einar Eiríksson hefur leigurétt húsnæðisins á sínu nafni og að húsaleigan er

nú kr. 1208.00 á mánuði og sömuleiðis, að Einar Eiríksson er talinn eiga 5000.00 króna hlut í veitingastofunni.“

Af andvirðinu voru kr. 10.000.00 greiddar í peningum, en eftirstöðvarnar, kr. 70.000.00, með skuldabréfi, sem greiddast átti með jöfnum missirislefum afborgunum á næstu tíu árum, þar 5% ársvexti og var tryggt með 4. veðrétti í húseign í Skerjafirði. Mun Jón Guðmundsson, stefnandi máls þessa, hafa verið eigandi bréfsins, og við afhendingu þess til stefndu tók hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess. Stefndu hófu að reka veitingastofuna frá 14. október að telja. Mun Jón Guðmundsson þó lítil eða engin afskipti hafa haft af daglegum rekstri hennar. Hinn 23. október ritaði einn stefnenda, Jón Guðmundsson, „Athugasemdir við samningana um Hvol“ og afhenti það bréf í skrifstofu lögfræðings þess, sem verið hafði með stefndu við samningsgerðina. Er efni athugasemda þessara í meginatriðum það, að réttargæzlustefndi telji, að ekki hafi verið heimilt að gera neina samninga um veitingastofuna, nema hann væri hafður í ráðum, og telji sig eiga kr. 5000.00 í veitingastofunni. Í öðru lagi telur Jón, að vanti útvarpstæki og peningakassa, sem átt hafi að fylgja í kaupunum. Í þriðja lagi, að stofan fullnægi ekki kröfum heilbrigðiseftirlitsins, til að þar megi reka veitingar, og muni það því láta loka veitingastofunni, og í fjórða lagi sé rafmagnseldavél ekki í lagi. Í lok bréfsins segir svo: „Ef ekki verður bætt úr ágöllum þessum, hljótum við að leita réttar okkar.“

Einhvern tíma eftir að þetta bréf kom fram, báru stefnendurnir Bergur og Kristmundur fram munnlegar kvartanir við fyrrgreindan lögfræðing, og virðast þær hafa gengið í sömu átt og kvartanir Jóns Guðmundssonar. Kvörtunum þessum sinntu stefndu ekki og töldu sér það óskýlt. Munu þeir hafa tilkynnt Bergi og Kristmundi það, er þeir báru fram kvartanir sínar, en eigi verður séð, að þeir hafi svarað bréfi Jóns neinu. Tildrög þess, að stefnendur telja, að heilbrigðiseftirlitið muni láta loka veitingastofunni, eru þau, sem hér greinir: Borgarlæknir og starfsmenn hans hafa stöðugt eftirlit með því, að veitingastaðir uppfylli sett skilyrði um hreinlæti og heilsusamlegan umbúnað húsakynna. Hinn 7. júlí 1949 hafði eftirlitsmaður frá borgarlækni lagt fyrir stefndu að gera ýmsar umbætur á húsnæði veitingastofunnar, m. a. að útbúa forsvaranleg salerni og setja upp tvöfalda laug úr stáli til uppþvotta. Ítrekaðir frestir voru veittir til að fullnægja þessum skilyrðum. Áður en veitingastofan var seld stefnendum, var eftirlitsmaður borgarlæknis þar seinast á ferð hinn 7. október. Virðist þá hafa verið búið að framkvæma verulegan hluta þeirra úrbóta, sem krafizt hafði verið, því í skýrslu eftirlitsmannsins þann dag stendur einungis: „Umbætur, sem Kristján Gíslason lofar að gera fyrir 16. þ. m.: 1) Hreinsa vel allan kjallarann og kalka, 2) mála salerni, ef málning reynist fánleg, 3) útrýma flugum.“ Hér er ekki minnzt á uppþvotta-laugina, sem krafizt var 7. júlí. Hafði hún þó ekki verið sett upp. Hinn 17. október segir eftirlitsmaður, sem skoðaði veitingastofuna, svo í skýrslu sinni: „Ekkert hefur verið gert af þeim umbótum, sem lofað var 7. þ. m., en eigendaskipti urðu að veitingastofunni 15. þ. m., og er hún nú rekin af Bergi Vilhjálmssyni og Kristmundi Bjarnasyni. Ekki vissu eigendur um

þær kröfur, sem gerðar höfðu verið um standsetningu. Hinir nýju eigendur lofa að gera kjallarann í stand fyrir 22. þ. m. og mála salerni, ef hægt er að fá málningu.“ Hinn 25. október er enn bókuð í skýrslu eftirlitsmannsins athugasemd um, að verið sé að vinna að þeim endurbótum, sem lofað hafði verið 17. þessa mánaðar. Loks er eftirlitsmaður á ferð í veitingastofunni hinn 17. nóvember. Er þá krafizt ýmissa umbóta, sem ekki hafði verið minnt á áður, t. d. dúklagningar á eldhúsgólf og endurnýjunar á nær öllu leirtaui, sem gera þurfi, svo fljótt sem tók séu á. Enn fremur kemur þá aftur fram krafa um tvöfalda uppþvottalaug. Þegar eftirlitsmaður kemur að veitingastofunni 29. nóvember, er hún lokuð. Voru stefnendur þá hættir veitingarekstri þar og virðast ekki hafa stundað hann upp frá því. Ekki er ljóst, hvaða dag stefnendur hættu að reka veitingastofuna, en það virðist hafa verið nálægt mánaðamótum nóvember og desember. Húsaleigu greiddu þeir réttargæslustefnda fyrir 1½ mánuð eða fram til 1. desember. Hinn 19. nóvember 1949 ritar lögmaður stefnenda stefndu Kristjáni og Elíasi bréf, þar sem hann tilkynnir þeim, að stefnendur rifti kaupin á veitingastofunni af þeim ástæðum, er tilgreindar verða hér á eftir sem grundvöllur að kröfugerð stefnenda í málinu. Bréfum þessum svöruðu stefndu bréflaga 16. desember. Mótmæltu þeir riftun kaupanna og vísuðu á bug þeim ástæðum, sem stefnendur höfðu fært fyrir þeim.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á eftirtöldum ástæðum:

1. Þeir telja, að við kaupin hafi þeir verið duldir þess, að umbúnaður veitingastofunnar fullnægði ekki kröfum heilbrigðiseftirlitsins, en slíkt varði stöðvun rekstrarins, ef ekki sé um það bætt í tíma. Vísa þeir til kauptilboðs síns frá 11. október um, að það hafi verið skilyrði frá þeirra hálfu, að engar hömlur væru á að reka veitingastofuna, eins og verið hafði.

Stefndu halda því fram, að stefnendum hafi, áður en kaupin gerðust, verið kunnugt um, hverjar endurbætur þurfti að gera til að fullnægja skilyrðum heilbrigðiseftirlitsins, og hafi þeir ætlað að sjá um þær sjálfir. Þeir mótmæla því, að stefnendur hafi sett það skilyrði við kaupin, að áframhaldandi rekstur veitingastofunnar væri tryggður, enda er því mótmælt af þeirra hálfu, að kaupin hafi verið gerð á grundvelli tilboðsins frá 11. október óbreyttu, heldur hafi verið um sjálfstæða samningsgerð að ræða, þar sem öll atriði hafi verið rædd ýtarlega af samningsaðiljum. Benda stefndu í þessu sambandi á, að greiðsluháttur kaupverðsins hafi verið allt annar og þeim óhagstæðari samkvæmt kaupsamningnum en tilboðinu. Þeir hafi tekið skuldabréf til alllangs tíma upp í hluta kaupverðsins og þannig raunverulega gefið lengri gjaldfrest en tilboðið gerði ráð fyrir, þar eð skuldabréfið hafi ekki verið seljanlegt nema með miklum afföllum. Loks benda stefndu á, að veitingastofunni hafi aldrei verið lokað að opinberri tilhlutan, og að ekki sé líklegt, að slíkt hefði nokkurn tíma verið gert vegna þeirra galla, sem á henni þóttu vera, þegar kaupin gerðust. Því er ekki mótmælt, að veitingastofan hafi, að því er umbúnað hús-

næðis varðar, verið í sama ástandi, þegar stefnendur tóku við henni, og hún var í, er þeir skoðuðu hana næst áður en sala fór fram.

Að því er séð verður af skýrslum heilbrigðisnefndar (borgarlæknis), virtist þrennt hafa verið ógert við veitingastofuna, þegar stefnendur tóku við henni, af því, sem borgarlæknir hafði fyrirskipað, þ. e. að hreinsa og kalka kjallara, mála salerni og setja upp tvöfalda uppþvottalaug. Stefnendur telja, að þeim hafi orðið kunnugt um fyrirmæli borgarlæknis, daginn eftir að kaupin gerðust, og þá viðurkenna þeir að hafa sagt stefndu, að þeir mundu sjá um lagfæringu á kjallaranum. Gagnvart heilbrigðis-
eftirlitinu lofuðu þeir síðar að mála salernið. Þegar þess er gætt, að stefnendur gerðu engan fyrirvara um riftun kaupanna, er þeir fyrst telja sig hafa fengið vitneskju um þetta atriði, en hófu að bæta úr göllumum og héldu rekstrinum áfram, verður að telja, að þeir geti þegar af þessari ástæðu ekki síðar haft uppi kröfu af þessum ástæðum, enda var hér um slíka annmarka að ræða, sem auðvelt var að ráða bót á og virðast teljast til venjulegs viðhalds húsnæðisins.

2. Stefnendur halda því fram, að stefndu hafi ábyrgzt þeim, að veitingastofuna mætti reka framvegis í leiguhúsnæði því, er hún hafði, og á veitingaleyfi réttargæzlustefnda. Telja þeir, að réttargæzlustefndi hafi ekki viljað viðurkenna þenna rétt þeirra, og sé það fullkomin ástæða til riftunar á kaupunum.

Stefndu mótmæla því, að réttargæzlustefndi hafi vísað stefnendum úr húsnæðinu eða synjað þeim að reka veitingastofuna á sínu veitingaleyfi. Þeir mótmæla því einnig, að þeir hafi tekið ábyrgð á, að stofan fengist rekin áfram á veitingaleyfi réttargæzlustefnda, en hins vegar hafi þeir sagt stefnendum, að þeir teldu líklegt, að svo yrði.

Réttargæzlustefndi hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi ekkert haft við það að athuga, að veitingastofan væri rekin áfram í húsnæðinu, eftir að stefnendur keyptu hana, og að hún væri rekin á hans veitingaleyfi, en hins vegar hafi hann færzt undan að gefa stefnendum skriflega viðurkenningu fyrir, að þeir fengju að reka veitingastofuna áfram á þessum stað. Réttargæzlustefndi tók fyrirvaralaust við leigu þeirri, er stefndu buðu fram, og engar sönnur eru að því færðar, að hann hafi neitað heimild þeirra til að reka veitingastofuna áfram í húsnæðinu, en hann var, sem áður greinir, meðeigandi stefnenda að henni. Að því er varðar veitingaleyfið, var stefnendum aldrei meinað að reka veitingastofuna á leyfi réttargæzlustefnda, og engar sönnur hafa verið færðar að því gegn framburði hans, að hömlur hafi verið á, að svo yrði í framtíðinni. Þegar af þessum ástæðum leiðir, að stefnendur hafa ekki fært sönnur að því, að stefndu hafi ekki staðið við gerða samninga, að því er þessi atriði varðar.

3. Nafn veitingastofunnar er ekki skrásett í firmaskrá, og skýra stefnendur svo frá, að það fáið ekki skráð þar. Þeir telja þýðingarmikið atriði fyrir rekstur eins og þann, sem hér um ræðir, að firmanafn geti haldizt óbreytt, og kveða sig hafa gengið út frá því við kaupin, að það væri tryggt, enda hafi ekki verið á annað minnst.

Stefndu skýra svo frá, að firmanafnið hafi ekki borið á góma við samningsgerðir málsaðilja. Mótmæla þeir því, að í kaupunum hafi nafn veitingastofunnar verið selt sem skráð firmanafn, enda hefði það ekki skipt verulegu máli fyrir stefnendur, hvort nafnið var skráð eða ekki.

Stefnendur létu ekki í ljós, er kaupin gerðust, að þeir legðu áherzlu á, að nafn fyrirtækisins væri skráð. Um þetta hefðu þeir getað fullvissað sig fyrirhafnarlítið með því að leita upplýsinga hjá firmaskrá Reykjavíkur. Þegar þessa er gætt, verður ekki talið, að stefndu hafi mátt vera það ljóst, að stefnendur lögðu áherzlu á, að skráð firmanafn fylgdi með í kaupunum, og verður því ekki talið, að hér sé um vanefndir að ræða, enda þótt veitingastofan væri í kaupunum nefnd því nafni, sem hún hafði gengið undir fram til þess, að þau gerðust.

Loks telja stefnendur, að þeir hafi ekki fengið afhenta alla þá muni, sem samkvæmt samningum áttu að fylgja veitingastofunni.

Við samprófanir aðilja hér fyrir dómi hefur komið í ljós, að stefnendur hafa fengið alla þessa muni nema peningakassa og tvo potta.

Ósannað er gegn andmælum stefndu, að peningakassi hafi átt að fylgja í kaupunum, en vöntun pottanna verður eigi talin svo veruleg vanefnd, að varðað geti riftun kaupa þeirra, er málið snýst um.

Samkvæmt framanrituðu ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Gíslason og Elías Steinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnenda, Jóns Guðmundssonar, Bergs Vilhjálmssonar og Kristmundar Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1952.

Nr 146/1951. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi

Blomsterberg (Magnús Thorlacius).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Samkvæmt rökum þeim, sem greind eru í forsendum hins